

Orkubú Vestfjarða ohf.  
Pósthólf 220  
400 Ísafjörður

Hafnarfjörður 24. maí 2018  
Tilv. 2018-05-22-1344

Efni: Varðar Stækkun Mjólkárvirkjunar

Í umsókn dagsettri 21. september 2017 leitar Orkubú Vestfjarða ohf. eftir heimild til stækkunar Mjólkárvirkjunar. Framkvæmdin felst í því að breyting verði gerð á stíflumannvirki og vatnsmiðlun með gerð veituskurða. Vegna framkvæmdarinnar verða 20.000 rúmmetrar af efni tekið á skilgreindu efnistökusvæði í samþykktu deiliskipulagi milli vatna 626 og 632. Heildarafl virkjunarinnar mun ekki breytast en mögulegt verður að auka raforkuframleiðslu að vetrarlagi vegna aukinnar miðlunar. Umsókninni fylgja margvíslegar upplýsingar um framkvæmdina og yfirlitsmyndir, ákvörðun Skipulagsstofnunar um hugsanlega matskyldu framkvæmdarinnar, staðfest aðalskipulag og deiliskipulag fyrir virkjunina og umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið. Ekki er starfandi veiðifélag um veiði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og veiðihagsmunir taldir vera litlir. Þó kunna að vera vannýttir möguleikar á veiðinýtingu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

*„Hafrannsóknastofnun er ekki kunnugt um rannsóknir á vatnalífi og veiðinýtingum á þessu svæði og hefur stofnunin afar takmarkaðar upplýsingar um þetta svæði [...]. Þegar um vatnsaflsvirkjanir er að ræða verða áhrif þeirra ekki síst á lífríki í vatni. Því verður að líta svo á að þekking á því væri ein af grunnforsendum við mat á áhrifum þessarar framkvæmdar.*

*Þar sem ekki liggja fyrir frekari gögn treystir Hafrannsókanastofnun sér ekki til að leggja frekara hlutlægt mat á möguleg áhrif þessara framkvæmda á lífríki í vatni eða veiðinýtingar umfram það sem gert var í meðfylgjandi umsögn.“*

Í meðfylgjandi umsögn sem vísað er til kemur fram að erfitt sé að meta hugsanlega áhrif framkvæmdanna vegna skorts á upplýsingum um lífríki vatnanna.

Fiskistofa vísar til rannsóknarreglu (10. gr.) stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, en hún gerir kröfu um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægilega vel upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Einnig bendir Fiskistofa á að ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna hugsanlegrar matskyldu er sú að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun minnir þó á í ákvörðunarorðum sínum að ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga á við vegna leyfisveitinga til framkvæmdanna hvað varðar röskun á stöðuvötnum sem njóta verndar samkvæmt greininni.

Fiskistofa bendir á að veiðivatn er skilgreint skv. 3. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði sem „á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar“.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. lax- og silungsveiðilaganna er sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn háð leyfi Fiskistofu. Þá segir í 2. mgr. að með umsókn um leyfi til framkvæmda skulu, m.a. ef það á við fylgja umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmda á lífríki veiðivatns. Eins og fram er komið getur Hafrannsóknastofnun ekki veitt umsögn um málið þar sem upplýsingar skortir.

Þá segir í 3. mgr. 33. gr. á að ef sérstök ástæða þyki til þá geti Fiskistof krafist þess að framkvæmdaaðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Jafnframt segir að Fiskistofa geti í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.

Að teknu tilliti til þessa og umsagnar Hafrannsóknastofnunar, með vísan til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hugsanlega matsskyldu framkvæmdarinnar og með vísan í 10. gr. stjórnarsýslulaga, með síðari breytingum, getur Fiskistofa ekki veitt leyfi fyrir framkvæmdinni að svo komnu máli. Fiskistofa fer fram á það að safnað upplýsingum um lífríki þeirra vatna sem raskað verður svo hægt verði að meta áhrif framkvæmdarinnar á lífríki þeirra og hugsanlegar veiðinytjar. Niðurstöður rannsókna liggi fyrir áður en afstaða verður tekin til leyfisveitingar Fiskistofu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Fiskistofa mun hraða afgreiðslu umsóknar um leyfi vegna framkvæmdanna þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki þeirra vatna sem munu raskast og hugsanlegar veiðinytjar.

Ákvörðun þessa má kæra skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að Orkubúi Vestfjarða ohf. berst tilkynning þessi.

Virðingarfyllst,

Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs